


Eftir Svein Guðjónsson

„Sýningin hefur truflað mig eilítið, því er ekki að neita. Mér verður lítið úr verki þessa dagana,“ sagði Magnús Kjartansson myndlistarmaður þegar við heimsóttum hann á vinnustofuna í gömlu klæðaverksmiðjuna á Álafossi. Að undanförmu hefur staðið yfir sýning á verkum Magnúsar á Kjarvalsstöðum og hefur hún vakið mikla athygli og fengið góða dóma. „Mig grunaði að þessi sýning yrði frekar „heit“ eða spennandi,“ segir Magnús aðspurður um hvernig tilfinning það væri að fá svo jákvæða dóma um verk sín. „Ég hafði orðið þess var að gestir og gangandi, sem komu á vinnustofuna og sáu þessi verk í vinnslu, brugðust sterklega við þeim. Sýningaropnun fylgir alltaf spennu og kvíði, þess vegna er auðvitað uppörvandi að fá jákvæð viðbrögð við því sem maður hefur gert.“



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Magnús sat við lítið borð í vinnustofunni og var að drekka kaffi ásamt kunningja þegar við bönguðum upp á. Við hlið hans lá rafmagnsgítar og mér verður á að spyja hvernig standi á svo menningarsnaudu hljóðfæri hér í musteri listarinnar:

„Vegir Guðs eru órannsaklegir,“ segir listmálarinn og vill greinilega eyða talinu. „Spilamennska er „hobbý“ sem ég hef fyrir sjálfan mig á kvöldin, tæmir hugann fyrir svefninn.“ — Eftir nokkra eftirgangsmuni játar Magnús að hafa fengist við að spila í rokkböndum á sínum yngri árum. „Ég var hálfgerður „flippari“ og þótti sleipur að stæla Hendrix. Hafði í rauninni engan áhuga á popptónlist fyrr en ég heyrði Electric Ladyland með Jimi Hendrix. En spilamennskan mín reis aldrei hátt, var í sveitaballabandi á menntaskólaárunum og síðar í „Kristjánubandi“ í Kaupmannahöfn og spilaði þá einskonar jass-rokk. Kannski stofna ég band er ég verð fimmtugur eða jafnvel um sextugt. Blús er gott hobbý.“

— Þú hefur ekki farið út í klassíkina?

„Ég lærði raunar klassískan gítarleik í tvö ár hjá Kjartani Eggertssyni í Búðardal. Aðallega til að

nútímalist rykfellur á Íslandi

læra nótnalestur. Annars vil ég nú helst ekki gera þessa tónlistariök-una mína að sérstöku umtalsefni í blaðaviðtali, ef þú vildir vera svo vænn.“

Alinn upp við myndlist

Magnús Kjartansson fæddist og ólst upp í Kleppsholtinu í Reykjavík. „Þrjú listamenn höfðu afgerandi áhrif á mig í æsku, Andrés Önd, það er að segja Walt Disney, Chaplin og Jóhannes Kjarval. Af minn, Guðbrandur Magnússon forstjóri, sem var einn af æskuvinum Kjarvals, setti línuna í myndmennt fjölskyldunnar. Við systkinin, Guðbrandur Þórir, Magdalena Margrét og ég, lærðum snemma að meta gildi lifandi myndlistar og móðir vor, Eydís Hansdóttir, bókelsk kona og listhneigð, kenndi okkur að meta góða lesningu, góða tónlist og ekki síst almennt gott handverk. Ég varð snemma ötull módel-smíður, smíðaði upp ógrynni flugvéla og heila nútímaborg úr balsavið. Teiknaði og mikið í kapp við eldri systur, sem var æði glúrin með blýantinn. Þegar ég hafði aldur til fór ég í MR og stóð þá hugurinn til náms í arkitektúr. En Bjarni Marteinsson arkitekt laug því óvart að mér að stærðfræðikunnáttu væri þörf í þessari grein svo fyrir-